

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. ágúst 2015
Tilvísun: 2014090007/21.0
Verknúmer: 3241005

Efni: Skil á skýrslu Orkustofnunar: Virkjunarkostir til umfjöllunar í 3. áfanga rammaáætlunar

Fram til þessa hafa þau gögn sem lögð hafa verið fyrir verkefnisstjórn um tilhögun virkjunarkosta af hálfu Orkustofnunar vegna 3. áfanga rammaáætlunar verið lögð fram í formi skýrsludraga. Var það gert í þremur áföngum í lok janúar, lok febrúar og byrjun mars á þessu ári.

Í vor var haldin kynning á skýrslu Landsnets um tengingar virkjunarkosta í 3. áfanga rammaáætlunar og síðan drögum af skýrslunni var síðast skilað er búið að rýna kostnaðarflokkagreiningu frá orkufyrirtækjunum og ganga frá niðurstöðum og framsetningu á gögnum.

Horfið var frá því að hafa eina heildstæða skýrslu þar sem umfang texta var svo gríðarlegt. Skýrslan sjálf gefur yfirlit yfir virkjunarkosti, forsendur og niðurstöður en til viðbótar við skýrsluna eru 92 viðaukar. Í viðaukum 1 til 3 er fjallað um mismunandi gerðir virkjana, í viðaukum 4 til 86 er lýst tilhögun einstakra virkjunarkosta, í viðauka 87 er íslenska raforkukerfinu lýst, greinargerð Landsnets er í viðauka 88, númerakerfi virkjunarkosta er lýst í viðauka 89, í viðauka 90 eru yfirlitstöflur og í viðauka 91 eru erindi til orkufyrirtækja og verkefnisstjórnar og að lokum inniheldur viðauki 92 minnisblað frá ráðgjafafyrirtækinu Alta.

Skýrsluna og viðaukana ásamt erindi þessu er að finna á vef Orkustofnunar:

<http://os.is/gogn/Skyrslur/OS-2015/OS-2015-02-Skyrsla.pdf>

Orkustofnun áskilur sér rétt til uppfærslu og leiðréttingar á þeim upplýsingum sem finna má í skýrslunni ef í ljós kemur að einhverju er ábóta vant. Ef gerðar verða leiðréttingar mun stofnunin tilkynna það til verkefnisstjórnar með formlegum hætti og halda utan um breytingaskrá.

Virðingarfyllt
f. h. orkumálastjóra


Erla Björk Þorgeirsdóttir


Skúli Thoroddsen